

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 1999/101/EB

frá 15. desember 1999

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 70/157/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi vélknúinna ökutækja

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/91/EB ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/157/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi vélknúinna ökutækja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/20/EBE ⁽²⁾, einkum 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Við EB-gerðarviðurkenningu útblásturskerfa, sem aðskilinna tæknieininga (útbásturskerfi til endurnýjunar) virðist miklum erfiðleikum bundið að velja ökutæki sem er í samræmi við núgildandi kröfur. Því ber nauðsyn til að lagfæra skilgreiningu á dæmigerðu ökutæki til þess að tryggja sé að ökutæki, sem lagt er fram, standist samræmdar framleiðslukröfur með tilliti til leyfilegs hljóðstigs.
- 2) Nauðsynlegt er að uppfæra nokkrar þeirra tilvísana sem voru samþykktar með tilskipun ráðsins 92/97/EBE ⁽³⁾ um breytingu á tilskipun 70/157/EBE.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum sem komið var á fót með tilskipun 70/156/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

II. og III. viðauka við tilskipun 70/157/EBE er hér með breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Frá og með 1. apríl 2000 er aðildarríkjum óheimilt, af ástæðum er varða leyfilegt hljóðstig eða útblásturskerfi, að:

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 42, 23.2.1970, bls. 16.⁽²⁾ Stjtuð. EB L 92, 13.4.1996, bls. 23.⁽³⁾ Stjtuð. EB L 371, 19.12.1992, bls. 1.

— synja um EB-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu hvað varðar gerð ökutækis eða gerð útblásturskerfis,

eða

— að banna að ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun eða að útblásturskerfi verði seld eða tekin í notkun,

ef ökutækin eða útblásturskerfin uppfylla kröfurnar í tilskipun 70/157/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá og með 1. október 2000 skulu aðildarríkin:

— hætta að gefa út EB-gerðarviðurkenningu

og

— synja um innlenda gerðarviðurkenningu,

fyrir gerð ökutækis og gerð útblásturskerfis, ef kröfurnar í tilskipun 70/157/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, eru ekki uppfylltar.

3. Aðildarríkin skulu, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. að því er varðar varahluti, halda áfram að veita EB-gerðarviðurkenningu og heimila að selja eða að taka í notkun útblásturskerfi í samræmi við fyrri útgáfur tilskipunar 70/157/EBE, að því tilskildu að slík útblásturskerfi:

— séu ætluð til ísetningar í ökutæki sem eru þegar í notkun og

— séu í samræmi við þær kröfur tilskipunarinnar sem voru í gildi þegar ökutækin voru skráð í fyrsta sinn.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. mars 2000. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. apríl 2000.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. desember 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

1. II. viðauka við tilskipun 70/157/EBE er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 2.3.3 komi eftirfarandi:

„2.3.3. Ökutæki sem er dæmigert fyrir gerðina sem á að setja kerfið í og uppfyllir skilyrðin í lið 4.1 í I. hluta III. viðauka.“;

b) eftirfarandi liður 5.1.3 bætist við:

„5.1.3. Vanda skal til ísetningar útblásturskerfa í ökutæki. Eftir ísetninguna skal sérstaklega ganga úr skugga um að útblásturskerfið leki hvergi.“

2. III. viðauka við tilskipun 70/157/EBE er breytt sem hér segir:

a) í 1. lið I. hluta komi orðin: „samkvæmt 7. lið I. viðauka“ í stað „ samkvæmt þáttum 7.3.5. og 7.4.3. í I. viðauka“;

b) í 1. lið II. hluta komi orðin: „samkvæmt 7. lið í II. viðauka“ í stað „ samkvæmt þáttum 6.3.5. og 6.4.3. í II. viðauka“.
